

## AUGLÝSING

### um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs hafa verið settar reglur um takmarkanir á akstri vinnuvéla og dráttarvéla sem hér segir:

I. Takmörkun umferðar vinnu- og dráttarvéla.

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður allan sólarhringinn á eftirfarandi vegum:

Hafnarfjarðarvegi frá Kringlumýrarbraut að mörkum Garðabæjar.

2. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður á virkum dögum kl. 7.30 - 9.00 og kl. 16.30 - 18.30 á eftirfarandi vegum:

Reykjanesbraut frá Nýbýlavegi að mörkum Garðabæjar.

II. Undanþágur.

1. Vinnuvélar og dráttarvélar, sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á einhverjum af ofangreindum vegum, þurfa ekki að sæta takmörkunum á viðkomandi vegarkafli.

2. Vinnuvélar og dráttarvélar verða ekki háðar ofangreindum takmörkunum, þegar almennur snjóruðningur á vegum er í gangi, enda sé færð á vegum erfið.

III. Skilgreiningar.

Vinnuvél og dráttarvél skilgreinist á sama hátt og í umferðarlögum með þeirri áréttingu, að undanskilin eru þau tæki, sem skilgreind eru sem bifreiðar af Bifreiðaskoðun Íslands.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. júlí 1992.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 1. júní 1992.*

**Georg Kr. Lárusson, settur.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 27. maí 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar, sbr. staðfestan uppdrátt frá 7. september 1983.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

*Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1992.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*